



Ársfundur 2019 / Harpa, Silfurberg / 17. maí, kl. 14:00

SJÚKRAHÚS ALLRA LANDSMANNA



SJÚKRAHÚS ALLRA LANDSMANNA

Ávarp

Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra

Ávarp

Páll Matthiasson, forstjóri

Ársreikningur Landspítala

Ólafur Darri Andrason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Þróun klínískrar þjónustu

- Tvö verkefni: Nýtt verklag við heilaslag og uppbygging jáeindaskanna

Heiðursvísindamaður Landspítala 2019

Ungur vísindamaður Landspítala 2019

Heiðranir starfsfólks

Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs

Sjúkrahús allra landsmanna: Samþætt heilbrigðiskerfi

- Samstarf Landspítala við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðisstofnun Austurlands

ÁRSREIKNINGUR LANDSPÍTALA 2018

Ólafur Darri Andrason
framkvæmdastjóri fjármálasviðs

STAÐFESTING ÁRSREIKNINGS

- Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs LSH
 - Samkvæmt okkar bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstri Landspítala á árinu 2018 og eignum, skuldum og eiginfjárstöðu hans 31. desember 2018 í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um opinber fjármál nr. 123/2015 og stjórnvaldsfyrirmæli.
 - Með vísan til framangreindra upplýsinga staðfesta forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs ársreikning Landspítala fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Þann 10. maí staðfestu forstjóri LSH og framkvæmdastjóri fjármálasviðs ársreikning LSH fyrir árið 2018

ÁLIT RÍKISENDURSKOÐANDA

- Endurskoðun á meðfylgjandi ársreikningi Landspítala fyrir árið 2018 var framkvæmd samkvæmt lögum 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Ríkisendurskoðandi staðfestir samkvæmt bestu vitund að í skýrslu stjórnenda eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.
- **Það er álit ríkisendurskoðanda**, fyrir utan þau atriði sem tilgreind eru í kaflanum um ástæður fyrir álitum með fyrirvara, **að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Landspítala 31. desember 2018, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.**

ÁSTÆÐUR FYRIR ÁLITI MEÐ FYRIRVARA

- Það er álit ríkisendurskoðanda að ársreikningur Landspítalans fyrir árið 2018 sé ekki í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur hvað varðar eftirfarandi:
 - Að færa til skuldar í efnahagsreikningi mótfærslu við eignfærða varanlegra rekstrarfjármuni að fjárhæð 7.426 milljónir króna (2017: 5.968 milljónir króna), hvort sem fjármuna er aflað með fjárveitingu frá ríkissjóði eða þeir fengnir að gjöf...
 - Að færa til tekna á móti afskriftum í rekstrarreikningi 662 milljónir króna (2017: 680 milljónir króna) sem er tiltekið hlutfall af áður skuldfærðri fjárveitingu og gjöfum...
 - Að færa í efnahagsreikningi 5.147 milljónir króna (2017: 5.147 milljónir króna) kröfu á ríkissjóð vegna orlofs- og frítímaskuldbindingar á grundvelli væntinga um samþykki Alþingis...
 - Að færa minniháttar eignarkaup að fjárhæð 432,9 milljónir króna til eignar og afskrifa að fullu á árinu...
 - Að fasteignir sem tilheyra spítalanum eru ekki eignfærðar í efnahagsreikning, fasteignamat fasteignanna er 33.277 milljónir króna, sbr. skýringu nr. 39 í ársreikningi spítalans og að vegna endurbóta á fasteignum spítalans eru eignfærðar 2.058 milljónir króna (2017: 739 milljónir króna) sem eignaverk vegna fasteignar og skuldfært á móti fjárfestingarframlag vegna eignaverka 1.932 milljónir króna (2017: 709 milljónir króna)...

ÁSTÆÐUR FYRIR ÁLITI MEÐ FYRIRVARA (FRH.)

- Þær færslur sem gerð er athugasemd við hér að framan byggja á fyrirmælum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og er vísað til þeirra í skýringu nr. 1. með ársreikningnum auk upplýsinga í skýrslu stjórnar og einstaka skýringum.

ÁRSVELTA LANDSPÍTALA



<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2018	2017
<i>Fjárheimildir og rekstrartekjur samtals</i>	70.890	65.384
<i>S-merkt lyf greidd af Sjúkratryggingum Íslands</i>	3.329	2.729
Velta	74.218	68.113

Heildarvelta Landspítala nam 74,2 milljarði að meðtalinni veltu vegna S merktra lyfja sem notuð eru á Landspítala en greidd af Sjúkratryggingum Íslands. Heildarvelta spítalans jókst um 6,1 milljarð sem jafngildir 8,9%.

REKSTRARREIKNINGUR



<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2018	2017	Mism
Fjárheimildir til rekstrar	70.890	65.384	8,4%
- þar af rekstrartekjur	8.343	8.498	-1,8%
Launagjöld	53.863	48.415	11,3%
Rekstrargjöld	17.110	16.167	5,8%
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	1.380	785	75,8%
Fjármagnsliðir	-36	-45	-19,6%
Gjöld samtals	72.316	65.322	10,7%
Rekstrarniðurstaða	-1.426	62	

Fjárheimildir og rekstrartekjur ársins námu samtals 70,9 milljörðum króna og rekstrargjöld 72,3 milljörðum að teknu tilliti til fjármagnsliða. Á milli ára 2017 og 2018 hækkuðu rekstrargjöld spítalans um 10,7% og fjárheimildir, að meðtöldum rekstrartekjum, um 8,4%. Halli á rekstri Landspítalans var því 1,4 milljarður króna.

Hækkun fjárheimilda og rekstrartekna skýrist af auknu rekstarumfangi og auknum verkefnum sem spítalanum hafa verið falin en stærsta einstaka skýringin á þessari hækkun eru verðbætur fjárlaga en þær námu 2,1 milljarði eða 3,2% prósentum. Launagjöld eru langstærsti kostnaðarliðurinn, eða ríflega 76% af heildargjöldum. Rekstrargjöld önnur en laun, eru um 24% heildargjalda og hafa hækkað um 5,8% milli ára eða um 943 milljónir króna. Nánar er fjallað um rekstrartekjur og launagjöld hér á eftir.

REKSTRARTEKJUR



<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	<i>2018</i>	<i>2017</i>	<i>Mism</i>
Rekstartekjur	8.343	8.498	-156
Ýmis verkefni, fjármögnun ríkis af öðrum fjárlagaliðum	972	1.457	-484
Tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum	892	872	20
Tekjufærðir styrkir til fjárfestinga	39	6	33
Aðrar rekstartekjur	6.439	6.164	276

Rekstartekjur lækka um 156 milljónir eða sem nemur 1,8%.

Helsta skýringin á þessari lækkun rekstartekna er að verkefni s.s. *Útskriftardeild aldraðra á Landakoti* sem áður voru fjármögnuð með rekstartekjum eru nú fjármögnuð með fjárheimild á fjárlögum. Þá hefur nýtt greiðsluþáttökukerfi sjúklinga dregið úr rekstartekjum spítalans en á móti hafa fjárheimildir hækkað.

LAUNAGJÖLD



<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2018	2017	Mism
Launagjöld	53.863	48.415	11,3%
Dagvinnulaun	29.514	26.802	10,1%
Yfirvinna	6.502	5.598	16,1%
Álagsgreiðslur og önnur laun	7.913	7.139	10,8%
Launatengd gjöld	9.933	8.875	11,9%
<i>Fjöldi starfsmanna á launum, meðaltal</i>	5.489	5.305	3,5%
<i>Ársverk (stöðugildi)</i>	4.221	4.073	3,6%

Launagjöld hækkuðu á milli ára um 5,4 milljarða eða sem nemur 11,3%. Dagvinnulaun hækkuðu um 2,7 milljarða eða sem nemur 10,1%. Þar hefur áhrif fjölgun greiddra ársverka um 3,6%.

Kostnaður vegna yfirvinnu hækkar um 16,1% eða talsvert meira en nemur launahækkunum enda hefur breytileg yfirvinna aukist talsvert frá fyrra ári.

ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR



<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2018	2017	Mism
Rekstrargjöld	17.110	16.167	5,8%
<i>Lækn.-, hjúkr.- og ranns.vörur</i>	4.821	4.559	5,7%
<i>Lyf</i>	1.487	1.336	11,3%
<i>Lyf skv. lyfseðli</i>	1.824	1.483	23,0%
<i>Aðkeypt þjónusta og leigugjöld</i>	5.849	5.431	7,7%
<i>Aðrir rekstrarliðir</i>	3.129	3.358	-6,8%

Gengispróun hefur mikil áhrif á lyf og kostnað við sérgreindrar vöru, eins og t.d. íhluti á skurðstofum og fleira.

Aukin kostnaður vegna þjónustukaupa er t.d. aukin yfirsetukostnaður vegna sjúklinga, aukinn viðgerðakostnaður og kostnaður vegna þjónustu við lækningatæki í kjölfar aukinna tækjakaupa síðustu ára.

Rétt erð að taka fram að liðurinn *Lyf* á þessari glæru er kostnaður við lyf sem gefin eru á spítalanum en *Lyf skv. lyfseðli* eru lyf sem seld eru úr apóteki spítalans og hækka rekstartekjur spítalans í samræmi við aukinn kostnað hér.

EFNAHAGSREIKNINGUR – EIGNIR



<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2018	2017	Mism
<i>Varanlegir fastafjármunir, óefnisl. eignir</i>	6.813	5.946	867
<i>Eignaverk vegna fasteigna</i>	2.058	739	1.319
<i>Hlutabréf</i>	3	3	0
<i>Fastafjármunir samtals</i>	8.873	6.687	2.186
<i>Birgðir</i>	935	821	114
<i>Skammtímakröfur</i>	2.043	2.138	-94
<i>Ríkissjóður</i>	825	1.228	-403
<i>Ríkissjóður v. orlofsskuldbindingar</i>	5.147	5.147	0
<i>Aðrir veltufjármunir</i>	765	416	349
<i>Veltufjármunir samtals</i>	9.714	9.750	-35
<i>Eignir samtals</i>	18.588	16.437	2.150

Varanlegir fastafjármunir og óefnislegar eignir hækka um 867 milljónir en um er að ræða eignfærð tæki og búnað. Þá hækka eignaverk vegna fasteigna um 1.316 milljónir en um er að ræða það sem stundum hefur verið kallað meirihátta viðhald. Samtals eru þessir liðir að hækka um tæpa 2,2 milljarða. Þessi framsetning leiðir af nýju lögnum um opinber fjármál.

EFNAHAGSREIKNINGUR – EIGIÐ FÉ OG SKULDIR



<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2018	2017	Mism
Höfuðstóll, neikvæður	-1.937	-725	-1.212
<i>Frestuð framlög og tekjur til fjárfestinga</i>	8.307	5.808	2.499
<i>Aðrar langtímaskuldir</i>	40	75	-35
Langtímaskuldir samtals	8.347	5.883	2.464
<i>Viðskiptaskuldir</i>	3.748	3.641	107
<i>Orlofsskuldbinding og frítímaréttur</i>	6.079	5.567	512
<i>Ógr. laun og launatengd gjöld</i>	1.262	1.162	100
<i>Aðrar skammtímaskuldir</i>	1.089	908	181
Skammtímaskuldir samtals	12.178	11.279	899
Eigið fé og skuldir samtals	18.588	16.437	2.150

Höfuðstóll spítalans var neikvæður um 1,9 milljarða í árslok 2018 en það er 1,2 milljörðum lakari staða en í árslok 2017. Rekstrarhalli spítalans á árinu nam 1,4 milljörðum eins og áður hefur komið fram en á móti þeirri hallatölu komu leiðréttingarfærslur vegna fyrri ára sem námu ríflega 200 milljónum.

Þá hækkuðu *frestuð framlög og tekjur til fjárfestinga* um 2,5 milljarða en um er að ræða breytingu sem leiðir af nýjum lögum um opinber fjármál þar sem framlög til fjárfestinga eru færð í efnahagsreikning.



Ársfundur 2019 / Harpa, Silfurberg / 17. maí, kl. 14:00

SJÚKRAHÚS ALLRA LANDSMANNA